

2. bekkur 2023-2024

Kennarar: Bjarki Dalsgaard Sigurþórsson; Kristín Lárusdóttir; Ragnheiður Birgisdóttir

2

Lýsing

Stærðfræðikennsla í 2. bekk mun einkennast af fjölbreyttum verkefnum í formi umræðna, vinnubóka og raunverkefna. Aðalkennsluefni vetrarins er Sproti 2a og 2b. Stærstu áherslurnar í stærðfræði í 2. bekk eru tölur og algebra, rúmfræði, mælingar og tölfræði og líkindi.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í stærðfræðinni leggjum við áherslu á fjölbreytta kennsluhætti til að nemendur geti tjáð sig og tekið virkan þátt bæði munnlega og skriflega. Við leitumst við að tengja stærðfræðina við daglegt líf og reynsluheim nemenda. Nemendur vinna með áþreifanlega hluti og efla þannig stærðfræðilegan skilning sinn.

Unnið er með fjölbreyttan nemendahóp út frá hæfni og leikni hvers einstaklings. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna með nemendum sem þurfa frekari dýpkun.

Kennsluaðferðir:

- Útlistunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Byggist á því að kennarinn spyr spurninga og beitir öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni.
- Stöðvavinna
- Hópvinna, paravinna og einstaklingvinna
- Námsleikir og spil

Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur:

Numicon kubbar, talnabönd, talnalínur, einfestukubbar, sætisgildiskubbar,

kennslupeningar, teningar, gagnvirkir námsleikir og námsspil.

Stærðfræðikennsla í 2. bekk mun einkennast af fjölbreyttum verkefnum í formi umræðna, vinnubóka og raunverkefna. Aðalkennsluefni vetrarins er Sproti 2a og 2b. Stærstu áherslurnar í stærðfræði í 2. bekk eru tölur og algebra, rúmfræði, mælingar og tölfræði og líkindi.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/september	Tölur, samlagning, frádráttur Tölurnar 0-20, tilgreina fjölda, stærðfræði í daglegu tali, tugir og einingar, skipta tölu í tvö söfn, talnavinir, tugavinir, talnalína, samlagning og frádráttur með tölum upp í 20, flokka tugi og einingar, hugarreikningur talnalína	Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir. Getur reiknað einföld dæmi Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
október/nóvember	Tölfræði, lengdarmælingar, tölur Flokka eftir eiginleikum/einkennum, tíðnitafla og súlurit, lengdarmælingar við ýmsar aðstæður, staðlaðar og óstaðlaðar mælieiningar, tugakerfið/tugir, Notað tugakerfisrihátt. einingar, hundrað.	Talið flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

		Getur nýtt ýmis stærðfræðigögn.
		Getur reiknað einföld dæmi.
		Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
		Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
desember/janúar	Samlagning, frádráttur, tími	Getur reiknað einföld dæmi.
	Samlanging og frádráttur með tveggja stafa tölum, heiti mánaða, árstíða, tími, tímalengd, klukkan/heili og hálfí tíminn	Getur nýtt einföld stærðfræðigögn.
		Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
		Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
		Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
febrúar/mars	Samhverfa, tvöföldun, helmingun, samlagning og frádráttur	Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.
	Samhverfa í daglegu lífi, spegilás, tvöfalt meira, helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur, tengja heilar tölur við talnalínu, hoppa afturábak og áfram á talnalínu, talnarunur, peningar, túttuguvinir, tímar talnalínur, samlagning og frádráttur á tómri talnalínu.	Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
		Notað hugtök úr rúmfræðinni, s.s stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í umhverfi sínu.
		Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
apríl/maí/júní	Flatarmál, reikningur, marghyrningar og hringir, rúmfræðiform	Notað tugakerfisríthátt
	Óstaðlaðar mælieiningar, samanburður á stærð flata, stærðfræði í daglegu lífi, tugir og einingar, peningar, samlagning og frádráttur þar sem farið er yfir tug, lesa og skilja orðadæmi.	Kannað, búið til og tjáð sig um teglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti. Talið flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
	Marghyrningar og hringir í daglegu lífi, mynstur, flokkun, heiti og eiginleikar rúmfræðiforma, bera kennsl á og lýsa þrívíðum formum.	

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í stærðfræði í 2.bekk verður unnið með grunnþættina á eftirfarandi hátt :

Læsi :

Að nemendur nái tókum á ýmsum táknerfum og miðlum. T.d. læsi á tölur og hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar.

Sjálfbærni

Nemendur þjálfast í mismunandi hæfni og noti fjölbreyttar aðferðir.

Heilbrigði og velferð

Nemendur fá tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og byggja upp jákvætt viðhorf.

Lýðræði og mannréttindi

Nemendur fái námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur verði þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum.

Jafnrétti

Nemendur fái námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt verði að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig að allir fái notið sín.

Heilbrigði og velferð

Nemendur fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og byggja upp jákvætt viðhorf.

Sköpun

Nemendur vinni fjölbreytt verkefni og setji þau fram á skapandi og listrænan hátt. Nemendur noti hlutbundin gögn þar sem hlutbundin nálgun ýtir undir skapandi hugsun.

Námsmat

Mat fer fram allan veturinn samofið námi og kennslu og niðurstöður færðar inn á hæfnikort nemenda í Mentor eftir vinnulotur.

Í nóvember og febrúar er námstaða nemanda rædd í foreldraviðtali í janúar.

Formlegar kannanir: Takin eru kaflapróf við lok hvers kafla auk miðannarprófs og vorprófs

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan, eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.
Mæting	Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.
Virgni í tímum	Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Heimavinna	Heimavinnu skal skilað á réttum tíma. Heimavinna er afhent á þriðjudögum og henni skal skilað í síðasta lagi viku síðar.
Ábendingar um hjálpargögn fyrir nemendur	Ýmsar gagnlegar vefsíður eins og Krakkavefur á mms.is.
Stoðþjónusta nemenda	Áætlun um stoðþjónustu er unnin með sérkennara.
Skyldur nemenda	Lögð er áhersla á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennari leitast við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á fjölbreytta náms- og kennsluhætti.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Stærðfræði

- **Hæfni á námssviði**

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Getur reiknað einföld dæmi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Getur nýtt ýmis stærðfræðigögn.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga. Sel -

Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í umhverfi sínu.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

Tölfræði og líkindi

- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi.

Sjálfstæði og samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Af öryggi metið námið og lært af mistökum.

- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.